

boenda
FERÐIR

JÓLAFERÐ TIL WIESBADEN



30. nóvember – 3. desember 2023
Fararstjórn: Jón Guðmundsson

Aðventuferð
Þýskaland

Ferðalýsing

Aðventan er tími ljóss og friðar og ilmurinn af jólaglöggi og ristudum möndlum liggur í loftinu. Í þessari jólaferð höldum við til Wiesbaden sem stendur á bökkum **Rínar**, rétt vestur af Frankfurt. Í Wiesbaden er mikil aðventustemning og í miðbænum er fallegur jólamarkaður þar sem **upplýstar stjórnur** svífa yfir litríkum jólahúsum. Boðið verður upp á bæjarrölt með fararstjóra en eins gefst tækifæri til að kanna bæinn á eigin vegum, líta inn til kaupmanna eða fylgjast með mannlífinu frá einu af fjölmörgum **kaffi**- og **veitingahúsum** miðbæjarins. Við förum í dagsferð til **Rüdesheim**, vinsæls ferðamannabæjar við ána Rín. Í hjarta Rüdesheim er hinn skemmtilegi jólamarkaður þjóðanna þar sem hægt er að kaupa fallegar gjafavörur og fylgjast með hvernig handverk frá hinum ýmsu þjóðum er unnið. Þá er upplagt að ylja sér við jóladrykkinn **Glühwein**. Allur miðbærinn er skreyttur jólaljósum og gaman er að röлта um og njóta jólastemningarinnar til fulls.

4 dagar | 3 nætur í Wiesbaden



30. nóvember | Flug til Frankfurt

Brottför frá Keflavík kl. 7:25 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Frankfurt kl. 12:00 að staðartíma. Rúta flytur okkur til Wiesbaden. Þetta er einstaklega falleg borg með merka sögu og státar af fallegum byggingum. Eftir komuna þangað er upplagt að röлта á jólamarkaðinn í bænum.

1. desember | Dagsferð í Rüdesheim

Þennan dag verður ekið til Rüdesheim sem er einn vinsælasti ferðamannabærinn við Rín. Við byrjum á að fara upp á hæðina fyrir ofan bæinn til að njóta stórkostlegs útsýnis yfir árdalinn. Rüdesheim er þekktur fyrir sín gömlu og fallegu bindingsverkshús og skemmtilegar þröngar götur sem iða af mannlífi. Bærinn verður kominn í sannkallaðan jólabúning með jólamarkaði þjóðanna, þar sem gaman er að skoða handgerða muni frá 18 mismunandi þjóðum í 120 jólabásum með ilmandi heitt Glühwein við hönd.



2. desember | Frjáls dagur í Wiesbaden

Í dag er frjáls dagur í Wiesbaden.

Fararstjórinn mun bjóða upp á bæjarrölt og leiðsögn fyrir hádegi fyrir þá sem vilja en síðan verður frjáls tími. Allar stærstu verslanirnar eru staðsettar á Lang- og Kirchgasse. Þetta eru göngugötur rétt hjá hótelinu og stóru búðirnar eru opnar fram á kvöld. Gott úrval veitingastaða og kaffihúsa er í bænum og að ónefndum jólamarkaðnum sem teygir sig frá ráðhústorginu inn í litlu hliðargötunum með úrvali af gjafavöru og góðgæti.



3. desember | Heimferð

Eftir morgunverð er farið með rútu út á flugvöll og síðan er flug frá Frankfurt kl. 13:05. Lent í Keflavík kl. 15:40 að íslenskum tíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum.

Verð

154.900 kr. á mann í tvíbýli | 20.900 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferðir milli Frankfurt flugvallar og hótels.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði á hóteli við göngugötuna.
- ✓ Morgunverður.
- ✓ Skoðunarferð til Rüdesheim.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegis- og kvöldverðir.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Forfalla- og ferðatryggingar.



Hóтелиð



Gist verður á Select Hotel Wiesbaden City hótelinu og er það staðsett í miðbæ Wiesbaden, alveg við göngugötuna. Fjöldi veitingastaða og verslana er í nágrenninu að ónefndum jólamarkaðinum. Á hótelinu sem er þriggja stjörnu eru um 130 hugguleg herbergi með baði, flatskjá, síma og hárpurrku. Morgunverður er innifalinn og móttakan ásamt hótelpar, þar sem hægt er að panta léttu rétti og drykki,

er opin allan sólarhringinn. Þráðlaust internet (WiFi) er á öllum herbergjum og í móttökunni.